



Velferðarráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 11. nóvember 2024
2002676/030.02 JLÓ

Efni: Leitað er heimildar velferðarráðs um að farið verði í reglubundið endurmat á velferðarstefnu.

Á fundi velferðarráðs þann 22.1. sl. kynnti stefnustjóri ferli stefnuráðs um endurmat stefna. Ferlið gerir ráð fyrir því að almennt fari fram endurmat stefna á þriðja ári frá sveitarstjórnarkosningum á tímabilinu október-apríl árið á eftir. Endurmat felur í sér rýni á því hvort ástæða þykir til að breyta einhverju. Ef svo reynist ekki vera þá er gert ráð fyrir því að fagráð staðfesti með bókun að ekki sé ástæða til breytinga að svo stöddu.

Velferðarstefna var síðast samþykkt af bæjarstjórn í október 2021 og átti að gilda til ársins 2030. Velferðarsvið leggur til að endurmatið fari að þessu sinni fram með þeim hætti að farið verður yfir núverandi stefnu á fundi velferðarráðs, öldungaráðs og notendaráðs í málefnum fatlaðs fólks og óskað eftir ábendingum og umræðum frá fulltrúum í ráðunum. Í samræmi við ferlið verður starfsfólk velferðarsviðs búið að rýna stefnuna fyrir fyrstu fundina með hliðsjón af mögulegum breytingum á lögum og reglum, mælingum og öðrum atriðum sem máli skipta og koma með ábendingar um atriði í skjalið sem það telur þörf á að breyta ef einhver eru. Starfsfólk velferðarsviðs vinur svo úr ábendingum ráðsmanna og leggur uppfærð drög fyrir velferðarráð sem samþykkir lokaskjal fyrir sitt leiti.

Leiðbeiningar frá stefnustjóra um samræmingu á útliti stefna gera meðal annars ráð fyrir að hér eftir komi einungis fram tímasetning samþykktar bæjarstjórnar á stefnu en þær hafi ekki gildistíma. Stefnur halda því gildi sínu nema að þeim sé breytt með samþykki bæjarstjórnar. Meðal annarra atriða þá er kaflinn fremst „Um stefnuna“ samræmdur af stefnustjóra á milli stefna og ef ráðið telur ástæður til breytinga á velferðarstefnunni þá myndi stefnustjóri vilja leggja til breytingu samhliða á þeim kafla. Auk þess má nefna að gert er ráð fyrir að stefnur séu hnitmiðaðar, lausar við orðskráð og að jafnaði ekki lengri en fjórar blaðsíður þegar um stefnu málaflokka er að ræða.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs

